

Alþingi  
Erindi nr. þ 140/356  
komudagur 21. 11. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um breytingu á áfengisiögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum (skýrara bann við auglýsingum), 136. mál.**

Samtök iðnaðarins, SI, hafa áður sent ítarlega umsögn um samhljóða frumvarp sem lagt var fyrir síðasta alþingi. SI leggjast gegn frumvarpinu. Fyrir því eru ýmsar ástæður.

Það sem SI telja alvarlegast við þetta frumvarp er sú mismunun milli innlendra og erlendra framleiðenda sem það felur í sér. Fyrirhugað bann nær eingöngu til íslenskra fjölmiðla og hefur því eingöngu áhrif á íslensk fyrirtæki og íslenska framleiðslu. Áfengisauglýsingar í erlendu sjónvarpsefni, sem sent er út hér á landi, í netmiðlum og erlendum tímaritum eru undanþegnar banninu og hefur því í raun þau áhrif að erlendri framleiðslu er hyglað á kostnað innlendarar. Það er algerlega óviðunandi fyrir íslenska áfengisframleiðendur og íslenskan iðnað í heild. Þvert á móti ættu stjórnvöld að leita leiða til að styrkja innlenda framleiðslu í samkeppninni við innflutning á tímum gjaldeyrishafta og gengisójafnvægis.

Frumvarpið felur í sér aðgangshindranir fyrir nýja framleiðendur og þar með samkeppnishindranir á markaði. Bann við allri markaðssetningu kemur í veg fyrir að nýir aðilar komist inn á þennan markað. Ómögulegt verður að byggja upp ný innlend vörumerki þar sem ekki verður hægt að koma upplýsingum um tilvist þeirra álelðis til neytenda. Frumvarpið felur því í sér ótvíræðar samkeppnishindranir og eykur líkur á fákeppni á þessum markaði.

Matarferðamennska er mjög vaxandi grein í heiminum og nýsköpun og þróun á því sviði gæti átt mikla möguleika hér á landi. Á sama tíma og stjórnvöld leggja fé í að byggja upp ferðapjónustu sem m.a. byggir á upplifun á menningu og matarhefðum, skýtur afar skökku við að ómögulegt sé að koma hluta af matarmenningunni á framfæri við ferðamenn.

Í lögum um ÁTVR segir að jafnræðis skuli gætt gagnvart öllum áfengisbirgjum. Samtök iðnaðarins gera þá kröfu að jafnræðis sé gætt milli innlendarar framleiðslu og innfluttrar.

SI leggja til að áfengisauglýsingar verði leyfðar með miklum takmörkunum og að framleiðendur og innflytjendur áfengis verði hafðir með í ráðum við að setja þær takmarkanir. Þannig er hægt að ná niðurstöðu sem allir eiga að geta sætt sig við.

Að öðru leyti vísa SI til fyrri umsagnar um samhljóða frumvarp.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Orri Hauksson', written over a horizontal line.

Orri Hauksson,  
framkvæmdastjóri